



STOFNUN
ÁRSINS
2018





STOFNUN ÁRSINS 2018

Framkvæmd könnunarinnar „Stofnun ársins“ var með sambærilegu sniði í ár og fyrrí ár og eru Fjármála- og efnahagsráðuneytið og SFR í samstarfi um könnunina.

Stofnun ársins 2018 var valin með þeim hætti að spurningalisti var lagður fyrir starfsfólk um 200 stofnana þar sem það var innt eftir mati á innra starfsumhverfi sinnar stofnunar. Mælingin náði til níu ólíkra þátta, en með því að láta mælinguna ná til margra þátta fæst heilsteyp mynd af innra starfsumhverfi þeirra.

Þáttgreining (factor analysis) var notuð til að greina undirliggjandi þætti. Í þáttgreiningunni komu í meginráttum fram níu þættir: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ánægja og stolt, ímynd stofnunar og jafnrétti. Vægi þáttanna í heildareinkunn ákvarðast af þáttgreiningunni (sjá töflu 1).

Heildarfjöldi stofnana sem komst á lista nú var 145 en þær voru 148 á síðasta ári. Alls fengust svör frá tæplega 11.400 starfs-

mönnum og var svarhlutfall tæplega 51%. Ef litið er eingöngu til SFR félaga er svarhlutfallið 46%.

Að baki valinu á stofnun ársins eru niðurstöður stofnana sem uppfylla skilyrði um svörum og byggir sá hluti á ríflega 10.300 svörum. Til að stofnun nái inn á listann þarf svarhlutfall að vera að lágmarki 35%, auk þess þarf svörum að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Fjöldi á stofnun	Lágmarksfjöldi svarenda
< 20	5
20-49	6
50-99	10
100-499	20
500 >	50

Þátttakendur í könnuninni voru ríkisstarfsmenn í 40% starfi eða meira frá rúmlega 200 ríkisstofnunum. Þá nær könnunin til annara félagsmanna SFR sem höfðu verið félagsmenn SFR í a.m.k. fjóra mánuði. Félagsmenn SFR starfa víða, t.d. á sjálfseignarstofnunum eða stofnunum í eigu annara en ríkisins. Þessar stofnanir eru einnig með í vali á Stofnun ársins svo fremi sem þær uppfylla almenn þátttökuskilyrði. Þá geta stofnanir utan ríkisins óskað eftir þátttöku í stofnun ársins fyrir alla starfsmenn sína. Ellefu slíkar stofnanir tóku þátt þetta árið:

Listaháskóli Íslands, Heilsustofnun NLFÍ, Sjálfsbjargarheimilið, Viðlagatrygging Íslands, Tækniskólinn ehf., Isavia ehf., Frí-

höfnin ehf., Orkubú Vestfjarða ehf., Matis ehf., Reykjalundur og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Því miður náðu Listaháskólinn, Fríhöfnin og Viðlagatrygging ekki tilskyldu lágmarki um svörum (35% þátttöku) og eru niðurstöður þeirra því ekki birtar.

Aðgengi stofnana að ítarlegri niðurstöðum

Allar ríkisstofnanir sem eru þátttakendur í könnuninni fá senda skýrslu með niðurstöðum svo fremi sem skilyrði um lágmarkssvörum sé uppfyllt (35% þátttaka).

Öðrum þátttökustofnunum gefst kostur á að kaupa skýrslu frá Gallup fyrir sína stofnun, svo framarlega sem skilyrði um svörum séu uppfyllt.

Í skýrslunni er gerð ítarleg greining á niðurstöðum könnunarinnar. Í henni er m.a. borin saman meðaltalseinkunn hverrar spurningar hjá viðkomandi stofnun við meðaltalseinkunn allra stofnana á viðkomandi spurningu. Einnig eru breytingar frá síðustu mælingu skoðaðar þegar það á við.

Ef óskað er frekari upplýsinga má hafa samband við Mörtu Gall Jörgensen (marta.jorgensen@gallup.is) eða Tómas Bjarnason (tomas.bjarnason@gallup.is) hjá Gallup.

Tafla 1: vægi þátta í heildareinkunn

Stjórnun	15%
Starfsandi	12%
Launakjör	10%
Vinnuskilyrði	13%
Sveigjanleiki vinnu	9%
Sjálfstæði í starfi	8%
Ímynd stofnunar	10%
Ánægja og stolt	11%
Jafnrétti	13%

SFR stéttarfélag í almannajónustu óskar stjórnendum og starfsfólki Stofnana ársins, Fyrirmyndarstofnana og Hástökkvara innilega til hamingju með glæsilegan árangur.

STÓRAR STOFNANIR (50 starfsmenn eða fleiri)

1. sæti STOFNUN ÁRSINS 2018

Ríkisskattstjóri Einkunn: 4,509

2. sæti FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2018

Reykjalundur Einkunn: 4,489

3. sæti FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2018

Vínbúðin ÁTVR Einkunn: 4,323

MEÐALSTÓRAR STOFNANIR (20-49 starfsmenn)

1. sæti STOFNUN ÁRSINS 2018

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum Einkunn: 4,824

2. sæti FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2018

Menntaskólinn á Tröllaskaga Einkunn: 4,724

3. sæti FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2018

Einkaleyfastofan Einkunn: 4,688

MINNI STOFNANIR (færri en 20 starfsmenn)

1. sæti STOFNUN ÁRSINS 2018

Persónuvernd Einkunn: 4,723

2. sæti FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2018


Hljóðbókasafn Íslands Einkunn: 4,556

3. sæti FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2018

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála Einkunn: 4,546

HÁSTÖKKVARI

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra



Helstu niðurstöður – allar stofnanir

Stofnanir ársins eru þrjár: Ríkisskattstjóri er sigurvegari í flokki stórra stofnana með 50 starfsmenn eða fleiri en hann lenti í öðru sæti á síðasta ári. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum er sigurvegari í flokki meðalstórra stofnana þar sem starfsmenn eru 20-49 en hann var líka í öðru sæti á síðasta ári. Persónuvernd bar sigur úr bítum í flokki stofnana með færri en 20 starfsmenn en þetta er annað árið í röð sem stofnunin sigrar í sínum flokki.

Val á stofnun ársins fer þannig fram að valin er stofnun sem uppfyllir þáttökuskilyrði úr þremur stærðarflokkum og bera þessar þrjár stofnanir heitið „Stofnun ársins.“ Stærðarflokkarnir eru þrír; stofnanir með færri en 20 starfsmenn, stofnanir með 20-49 starfsmenn og stofnanir með 50 eða fleiri starfsmenn.

FYRIRMYNDARSTOFNANIR

Í hverjum stærðarflokki hljóta efstu stofnanirnar sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnanir.

FYRIRMYNDARSTOFNANIR 50 OG FLEIRI STARFSMENN:

Í flokki stærstu stofnana eru fimm fyrirmyndarstofnanir. Þær eru auk Ríkisskattstjóra, Reykjalundur (sem sigraði fyrir ári), Vínúðin - ÁTVR (sem var í fjórða sæti í fyrra), Fjölbrautaskóli Suðurnesja (sem var í þriðja sæti í fyrra) og Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra, en skólinn var í 66. sæti í fyrra og er óhætt að segja að stofnunin hafi tekið langstökk frá fyrri mælingum.

1. Ríkisskattstjóri
2. Reykjalundur *
3. Vínúðin - ÁTVR
4. Fjölbrautaskóli Suðurnesja
5. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Fyrirmyndarstofnanir 20-49 starfsmenn:

Í flokki meðalstórra stofnana eru fyrirmyndarstofnanirnar einnig fimm. Þar eru sömu stofnanir í efstu fjórum sætum og fyrir ári þó tvær efstu stofnanirnar skipti um sæti. Stofnanirnar fimm eru Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum (sem var í öðru sæti í fyrra), Menntaskólinn á Tröllaskaga (sem sigraði í fyrra og tvö árin þar á undan), og Einkaleyfastofan (sem einnig skipaði þriðja sætið í fyrra), en Einkaleyfastofan sigraði þennan flokk fyrir nokkrum árum og hefur allavega í tvígang vermt annað sætið í flokknum. Samkeppniseftirlitið er í fjórða sæti líkt og í fyrra og í fimmta sæti eru Landmælingar Íslands sem voru í sjötta sæti á síðasta ári.

1. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
2. Menntaskólinn á Tröllaskaga
3. Einkaleyfastofan
4. Samkeppniseftirlitið
5. Landmælingar Íslands

Fyrirmyndarstofnanir færri en 20 starfsmenn:

Í flokki minni stofnananna eru fyrirmyndarstofnanirnar þrjár, þ.e. Persónuvernd (sem sigraði einnig í flokknum á síðasta ári), Hljóðbókasafn Íslands (sem einnig lenti í öðru sæti fyrir ári) og Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (sem lenti í fimmta sæti fyrir ári).

1. Persónuvernd
2. Hljóðbókasafn Íslands
3. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

HÁSTÖKKVARAR

Hástökkvari könnunarinnar er Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra. Við útreikning á hástökkvurum er fyrst reiknuð raðeinkunn fyrir allar stofnanir á bilinu 1-100 og þá er reiknaður munur á raðeinkunn milli ára.

Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra hækkar mest frá síðasta ári, eða um 65 sæti. Næst er það Mannvirkjastofnun sem hækkar um 58 sæti og að lokum Úrskurðarnefnd velferðarmála sem hækkar um 53 sæti.

Hástökkvarar 2018

1. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
2. Mannvirkjastofnun
3. Úrskurðarnefnd velferðarmála

SFR - stéttarfélag í almannajónustu óskar starfsmönnum og stjórnendum þessara stofnana innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur.

Um könnunina

Val á stofnun og fyrirtæki ársins er samstarfsverkefni margra aðila; SFR, St.Rv., VR og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Um er að ræða eina stærstu vinnu- og aðskönnun sem unnin er hér á landi. Niðurstöður könnunarinnar veita afar mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi vinnustaða og samanburð við aðrar stofnanir og fyrirtæki, bæði á opinberum og almennum vinnu- og aðskönnunum.

Tilgangur könnunarinnar

Tilgangur með vali á stofnun og fyrirtæki ársins er að taka eftir og verðlauna vinnustaði sem ná framúrskarandi árangri við stjórnun mannauðs. Þá nýtist könnunin stjórnendum til að vinna að umbótum í stjórnun og starfsumhverfi. Að lokum veitir könnunin aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk, skjólstæðinga, viðskiptavinum og aðra hagsmunaaðila.

STOFNUN ÁRSINS – ALLAR STOFNANIR Á LISTA

NIDURSTÖÐUR STOFNANA Á LISTA

Meðaleinkunn allra stofnana sem eru á lista yfir stofnun ársins er 3,98 – sem er svipað og fyrir ári en þá var hún 3,97. Heildar-einkunn hefur hækkað ár frá ári eða alls um 0,15 stig á kvarðanum 1 til 5 frá árinu 2011 (sjá töflu 2).

Af þáttunum níu sem mældir voru fengust hæstu einkunnir á þáttunum „Sjálfstæði í starfi“ (4,25) og „Sveigjanleiki vinnu“ (4,24). Einkunn er lægst á þættinum „Launakjör“ (3,03), líkt og áður. Þetta er í stórum dráttum sama mynstur og almennt hefur komið fram í könnuninni síðustu ár. Mesta hækking er á jafnréttisþættinum, en sá þátt-


ur hækkar um 0,06 stig milli ára. Ekki verða markverðar breytingar á öðrum þáttum:

STARFSFÓLK MINNI STOFNANA ÁNÆGDARA

Líkt og áður er stofnunum skipt eftir stærð, þ.e. fjölda starfsmanna. Flestar stofnanir eru í flokknum stórar stofnanir (50 starfsmenn eða fleiri), eða 82 stofnanir. Næst flestar stofnanir eru í flokki meðalstórra stofnanna (20-49 starfsmenn), eða 44 og færstar stofnanir eru í flokki minni stofnanna (færri en 20 starfsmenn), eða 19 stofnanir. Stærð vinnustaða er almennt talin mikilvægur áhrifaþáttur á líðan og viðhorf starfsfólks af nokkrum ástæðum. Samhæfing ólíkra þátta í starfsemi verður t.d. flóknari með aukinni stærð, en einnig nýta stærri vinnustaðir alla jafna formlegri stjórnun og skipulag en minni vinnustaðir. Hvoru tveggja getur haft áhrif á aðstæður og samskipti á vinnustaðnum. Ákvarðanatöku getur þannig verið hægari í stærri stofnunum og hendur stjórnenda bundnari í mörgum málum en í minni stofnunum. Það á ekki síst við um launasveigjanleika. Á móti kemur að stærri stofnanir hafa meiri bjargir, t.d. til að byggja upp mannauðsdeildir sem veitt geta stjórnendum sérhæfðari aðstoð en annars væri. Auk þess sem tækifæri til starfsþróunar og sérhæfingar eru oftast meiri í stærri stofnunum en minni. Í minni stofnunum geta samskipti verið óformlegri og upplýsingamiðlun einfaldari, þó það sé auðvitað ekki algilt. Stærstu stofnanirnar fá mun lakari útkomu en minnstu stofnanirnar á öllum þáttum, þó helst á þættinum „launakjör“, „stjórnun“ og „vinnuskilyrði.“ Minnstu munar á stærstu og minnstu stofnunum á þættinum „jafnrétti“ (sjá mynd 1).

Þættir	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Heildarmeðaltal	3,98	3,97	3,95	3,89	3,89	3,83	3,86	3,83
Stjórnun	4,01	3,98	3,98	3,88	3,86	3,83	3,83	3,78
Starfsandi	4,20	4,20	4,21	4,20	4,18	4,14	4,13	4,15
Launakjör	3,03	3,04	2,96	2,72	2,67	2,69	2,74	2,67
Vinnuskilyrði	3,88	3,87	3,84	3,85	3,91	3,85	3,88	3,94
Sveigjanleiki vinnu	4,24	4,27	4,26	4,25	4,25	4,20	4,18	4,09
Sjálfstæði í starfi	4,25	4,27	4,26	4,25	4,25	4,21	4,23	4,22
Ímynd stofnunar	3,79	3,81	3,76	3,75	3,79	3,75	3,76	3,76
Ánægja og stolt	4,16	4,16	4,14	4,13	4,12	4,09	4,11	4,09
Jafnrétti	4,18	4,12	4,08	-	-	-	-	-

Tafla 2: Einkunnir allra þátta – allar stofnanir á lista (145 stofnanir)



Mynd 1: Einkunnir allra þátta eftir stærð stofnunar – allar stofnanir á lista (145 stofnanir)




NIÐURSTÖÐUR FÉLAGSMANNA SFR

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þróun einstakra þátta meðal félagsmanna SFR, eða ríflega 2.500 svörum. Um er að ræða svör frá félagsmönnum SFR án tillits til þess hvort stofnun komst á lista eða ekki. Tölur víkja því frá niðurstöðum um allar stofnanir sem komust á lista.

STJÓRNUN

Stjórnun vegur þyngst í heildarmatinu á stofnun ársins. Þátturinn er byggður á 10 spurningum um stjórnun, til dæmis hvort starfsfólk beri traust til stjórnenda, hvort það fái stuðning frá yfirmanni og telji hann koma fram af sanngirni. Mat á stjórnun hefur hækkað á hverju ári frá árinu 2013 og hækkar einnig í ár. Einkunn fyrir stjórnun er nú 3,96, sem er hæsta einkunn frá upphafi mælinga, en var 3,91 í fyrra. Ein spurning í þættinum lýtur að því hvort fólk finnst stofnuninni vel eða illa stjórnað. Niðurstöður sýna að ríflega tveir af hverjum þremur félagsmönnum telja að sínum vinnustað sé vel stjórnað (sjá mynd 2).

Ef stjórnunarþátturinn er skoðaður í heild má sjá að konur eru almennt ánægðari með stjórnun á sínum vinnustað en karlar. Einnig er starfsfólk með lágan starfsaldur almennt ánægðara en starfsfólk með háan starfsaldur. Þá eru niðurstöður í minni stofnunum að jafnaði jákvæðari en í stærri stofnunum, eins og áður hefur komið fram.




Mynd 2: Hversu vel telur þú að vinnustað þínum sé stjórnað? – SFR félagar

Stjórnun	Ánægðastir	Óánægðastir
Kyn	Kona	Karl
Starfsaldur	Skemur en ár	8 ár eða lengur
Starf	Sölu- og afgreiðslustarf	Öryggis-, eftirlitsst. og ræstingar
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Löggæsla/dómstólar/fangelsi
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

STARFSANDI

Mat á starfsanda stendur í stað og mælist 4,15 líkt og fyrir ári. Matið er byggt á þremur spurningum sem lúta að samskiptum og starfsanda, til dæmis hvort fólk komi vel saman við samstarfsfólk sitt og telji starfsanda afslappaðan og óþvingaðan. Niðurstöður þeirrar spurningar sýna að ríflega þrjár af hverjum fjórum eru sammála því að starfsandi sé afslappaður og óþvingaður (sjá mynd 3).

Mikill meirihluti svarenda gefur starfsanda „góða einkunn“ eða um 83% SFR félaga. Það er einkunn á bilinu 3,5-5. Svarendur með lágan starfsaldur eru almennt ánægðari með starfsandann á sínum vinnustað en starfsfólk með háan starfsaldur. Einkunn fyrir starfsanda er einnig hærri meðal starfsfólks með mannaforráð og svarenda sem gegna stjórnendastörfum en annarra.




Mynd 3: „Starfsandi er venjulega afslappaður og óþvingaður“ – SFR félagar

Starfsandi	Ánægðastir	Óánægðastir
Starfsaldur	Skemur en ár	8-10 ár
Starf	Sölu- og afgreiðslustarf	Öryggis-, eftirlitsst., ræstingar
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Löggæsla, dómstólar, fangelsi
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

LAUNAKJÖR

Einkunn fyrir þáttinn „launakjör“ hækkar talsvert milli ára og mælist nú 2,77 en mældist 2,63 á síðasta ári. Hækkunin nemur 0,14 stigum. Þátturinn hækkaði ekki í fyrra, en milli 2015 og 2016 hækkaði mat á launakjörum enn meira, eða um 0,20 stig. Lægsta einkunn á þættinum mældist 2014, þá 2,41.

Launakjör er sá þáttur könnunarinnar sem ávallt mælist lægstur/ með minnstu ánægjuna. Matið er byggt á spurningum um ánægju með laun, sanngirni launa og samanburði á eigin launum og launum annarra á öðrum sambærilegum vinnustöðum. Hlutfall fólks sem gefur launakjörum „góða einkunn“ er nú ríflega 28% en var t.d. aðeins 14% árið 2011. Góð einkunn eru einkunnir á bilinu 3,5-5. Karlar eru að jafnaði ánægðari með laun sín en konur, ef fyrri kannanir SFR eru skoðaðar og raunar flestar kannanir stéttarfélaganna, en í þessari könnun er ekki munur milli kynja. Yngsti hópur svarenda (yngri en 30 ára) er ánægðastur með launin en starfsfólk á aldrinum 30-39 ára er óánægðast. Þetta mynstur getur skýrst af því að yngsti hópurinn hafi færri skuldbindingar en aðrir aldurshópar og því minni útgjöld á meðan hópurinn 30-39 ára er hópur sem er að mynda fjölskyldu og hefur því mun meiri útgjöld en yngsti hópurinn Heildarlaun 30-39 ára hópsins eru næst lægst aldurs- hópanna og aðeins yngsti hópurinn sem hefur lægri heildarlaun en þessi aldurshópur. Ef skoðaður er munur eftir atvinnugreinum sést að fólk sem starfar við verslun og þjónustu og í landbúnaði, orkustofnunum og



Mynd 4: Ánægja með launakjör (kvarði 1-5) eftir atvinnugreinum – SFR félagar

skógrækt er ánægðast með launakjör sín. Í síðastnefnda hópunum eru tæp 57% ánægðir með launakjör sín og aðeins 13% óánægðir. Óánægðast er starfsfólk í heilbrigðis- og félagsþjónustu, en þar eru 64% svarenda óánægðir. Á mynd 4 má sjá mun á einkunn fyrir launakjör eftir atvinnugreinum.


Orðalag spurningarinnar er: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með: Launakjör?

Launakjör	Ánægðastir	Óánægðastir
Starf	Sölu- eða afgangið starf	Skrifstofustarf v. afgangið
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Heilbrigðis- og félagsþjónusta
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

VINNUSKILYRÐI

Mat á vinnuskilyrðum er svipað og á síðasta ári og er einkunnin nú 3,70 en var síðast 3,69. Rúmlega 60% svarenda telja vinnuskilyrði sín góð en tæplega 10% segja þau slæm. Sjö spurningar mynda þáttinn vinnuskilyrði. Mest ánægja er með öryggi á vinnustað en minnst ánægja er með loftgæði á vinnustaðnum (sjá mynd 5).

Ánægja með vinnuskilyrði hækkar jafnt og þétt eftir aldri svarenda. Starfsfólk með mannaforráð er almennt ánægðari en aðrir.



Mynd 5: Spurningar sem mynda þáttinn „Vinnuskilyrði“ – meðaleinkunn (kvarði 1-5) – SFR félagar


Vinnuskilyrði	Ánægðastir	Óánægðastir
Aldur	60 ára eða eldri	30-39 ára
Starfsaldur	11 ár eða lengur	1-3 ár
Starf	Stjórnendastarf	„Aðrir“
Atvinnugrein	Landb./orkustofnanir/skógrækt Rannsókn- og eftirlitsstofnanir	Löggæsla/dómstólar/fangelsi
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

SVEIGJANLEIKI VINNU

Einkunn fyrir sveigjanleika hækkar lítillega og er nú 4,21, en var 4,19 á síðasta ári. Einkunnin er samsett úr fimm spurningum, til dæmis er spurt hvort fólk eigi auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf, hvort fólk hafi svigrúm til að útrétta í vinnutíma, hvort fólk geti farið úr vinnu með litlum fyrirvara og hvort það geti tekið sumarfrí á þeim tíma sem því hentar. Nærri níu af hverjum tíu félagsmönnum SFR eru sammála því að þeir eigi auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf (sjá mynd 6).

Mynd 6: „Ég á auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf“ - SFR félagar

Sveigjanleiki er lítið eitt meiri meðal starfsmanna í minni stofnunum en stærri. Ef horft er til ólíkra starfa eru svarendur sem gegna skrifstofustarfi ánægðastir með sveigjanleika sinn í starfi. Konur eru nokkuð ánægðari en karlar og einnig eykst ánægja eftir aldri. Sveigjanleiki er eini þátturinn þar sem starfsfólk með mannaforráð er óánægðara en þeir sem ekki eru með mannaforráð.




Mynd 6: „Ég á auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf“ - SFR félagar

Sveigjanleiki vinnu	Ánægðastir	Óánægðastir
Kyn	Kona	Karl
Aldur	60 ára eða eldri	Yngri en 30 ára
Menntun	Grsk.pr. auk viðb.mennt.	Lokið háskólanámi
Starfsaldur	11 ár eða lengur	1-3 ár
Starf	Skrifstofustarf	Öryggis-, eftirlitsst., ræstingar
Atvinnugrein	Innh.menn/almannatr./lánasj.	Löggæsla/dómstólar/fangelsi
Mannaforráð	Ekki með mannaforráð	Með mannaforráð

SJÁLFSTÆÐI Í STARFI

Mæling á sjálfstæði í starfi hefur staðið í stað síðustu fjögur ár og þátturinn fær einkunnina 4,20. Þátturinn mælir hversu góð tók starfsfólki finnst það hafa á starfi sínu, hversu góða yfirsýn það telur sig hafa yfir verkefni og þau áhrif sem fólk hefur í starfi sínu. Nærri fjórir af hverjum fimm svarendum eru sammála því að þeir hafi mikil áhrif á það hvernig starf þeirra er unnið (sjá mynd 7).

Sjálfstæði í starfi vex með aldri og einnig með starfsaldri, líkt og búast má við með aukinni reynslu. Sjálfstæði í starfi er meira meðal starfsfólks með mannaforráð og þeirra sem gegna stjórnendastörfum en annarra.




Mynd 7: „Þegar á heildina er lítið hef ég mikil áhrif á hvernig starf mitt er unnið“ – SFR félagar

Sjálfstæði í starfi	Ánægðastir	Óánægðastir
Aldur	60 ára eða eldri	Yngri en 30 ára
Starfsaldur	11 ár eða lengur	1-3 ár
Starf	Stjórnendastarf	Öryggis-, eftirlitsst. og ræstingar
Atvinnugrein	Mennta- og menningarstofnanir	Löggæsla/dómstólar/fangelsi
Stærð stofnunar	Færri en 20 starfsmenn	100 starfsmenn eða fleiri
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

ÍMYND

Mat á ímynd stendur nokkurn veginn í stað og fær þátturinn einkunnina 3,66 en mældist 3,68 í fyrra. Ríflega 60% telja ímynd sinnar stofnunar góða. Mat á ímynd er talsvert ólík eftir starfs-sviði stofnunarinnar. Lökust er hún meðal SFR félaga sem starfa hjá innheimtustofnunum, almannatryggingum og lánasjóðum en besta telja félagsmenn ímyndina vera í verslun og þjónustu (sjá mynd 8).

Þeir sem eru með mannaforráð meta ímyndina jákvæðari en starfsfólk án mannaforráða. Mat á ímynd er jákvæðari hjá eldra fólki en yngra og mun jákvæðara hjá starfsfólki minni stofnana en stærri.




Mynd 8: Hlutfall svarenda sem gefur "ímynd" góða, hvorki né eða slæma einkunn – SFR félagar

Ímynd	Jákvæðastir	Neikvæðastir
Aldur	60 ára eða eldri	Yngri en 40 ára
Starf	Sölu- eða afgreiðslustarf	Sérfr. með háskólanám
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta og mennta og menningarstofnanir	Innh.menn./almannatr./lánasj.
Stærð stofnunar	Færr en 20 starfsmenn	100 eða fleiri starfsmenn
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

ÁNÆGJA OG STOLT

Þátturinn „ánægja og stolt“ stendur því sem næst í stað frá því í síðustu könnun. Einkunnin nú er 4,08 en var 4,06 á síðasta ári. Ánægja og stolt hefur ekki mælst svona há síðan 2009, en það ár var einkunn á þættinum 4,17. Mat á ánægju og stolti er byggt á fjórum spurningum, þ.e. ánægju með starfið, líðan í starfi, hvort viðkomandi er tilbúin(n) að mæla með stofnuninni og hvort viðkomandi er stolt(ur) af stofnuninni. Ríflega þrið af hverjum fjórum eru sammála því að vera stoltir af stofnuninni sem þeir starfa hjá og ef lítið er til stofnana á sviði mennta- og menningarmála eru nærri níu af hverjum tíu stoltir af sinni stofnun.

Ánægja og stolt er lítið eitt mismunandi eftir starfsstéttum og atvinnugreinum og eru konur ánægðari og stoltari af sínum vinnustað en karlar. Af ólíkum starfsstéttum má sjá að ánægjan er mest meðal fólks í stjórnendastörfum og af ólíkum atvinnugreinum er ánægjan mest í mennta- og menningarstofnunum. Starfsfólk með mannaforráð er ánægðara en það sem ekki hefur mannaforráð og ánægja og stolt er meiri í litlum stofnunum en þeim stærri.




Mynd 9: „Ég er stolt(ur) af stofnuninni sem ég starfa hjá“ – hlutfall svarenda sem eru frekar sammála og mjög sammála – SFR félagar

Ánægja og stolt	Ánægðastir	Óánægðastir
Kyn	Konur	Karlar
Starf	Stjórnendastarf	Öryggis-, eftirlitsst., ræstingar
Atvinnugrein	Mennta- og menningarstofnanir	Innh.menn./almannatr./lánasj. Löggæsla/dómstólar/fangelsi
Stærð stofnunar	Færr en 20 starfsmenn	100 eða fleiri starfsmenn
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð


JAFNRÉTTI

Jafnrétti kom inn sem nýr þáttur í könnuninni fyrir tveimur árum. Þátturinn byggist á sex spurningum sem snúa að jafnrétti, bæði almennt og jafnrétti kynjanna, auk spurningar um fjölbreytni starfsmannahópsins. Einkunn fyrir jafnrétti hefur hækkað frá því fyrst var spurt. Einkunnin nú er 4,19, var 4,09 í fyrra og 4,02 árið 2016 (sjá mynd 10).



Mynd 10: Þróun jafnréttisþáttarins – einkunnir (kvarði 1-5) samanburður milli ára – SFR félagar

Fleiri karlar en konur gefa jafnrétti „góða einkunn“, eða 91% karla á móti 81% kvenna. Einkunn bæði karla og kvenna hækkar milli ára.




Mynd 11: Spurningar sem mynda jafnréttisþáttinn – einkunnir (kvarði 1-5) samanburður milli ára – SFR félagar

Útkoma allra spurninga hækkar lítillega frá því í fyrra, þó mest spurningarnar um stefnu og áherslu og má leiða líkum að því að #metoo byltingin svokallaða hafi haft hér umtalsverð áhrif til batnaðar (sjá mynd 11).


Jafnrétti	Ánægðastir	Óánægðastir
Kyn	Karl	Kona
Starf	Stjórnendastarf	Skrifstofustarf v. afgangi
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Löggæsla/dómstólar/fangelsi
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

MUNUR Á SVÖRUM EFTIR KYNI – allir SFR félagar

Minni munur er á svörum kynjanna en oft áður. Mest áberandi munur á svörum kynjanna má sjá á spurningum um jafnrétti, en þar er viðhorf karla almennt mun jákvæðara en kvenna. Þeim finnst t.d. frekar en konum að allir njóti jafnræðis á vinnustaðnum og stefnan sé skýr og að tækifæri kynjanna séu þau sömu til starfsframa á vinnustaðnum (sjá mynd 12).



Á fjórum þáttum er viðhorf karla á hinn bóginn neikvæðara en kvenna, það er á þáttunum „Stjórnun,“ „Sveigjanleiki“ „Sjálfstæði í starfi,“ og „Ánægja og stolt.“ Konur gefa þessum þáttum sem sagt hærri einkunn en karlar gera. Ef skoðaðar eru einstakar spurningar kemur í ljós að konur svara því t.d. frekar að þær eigi auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf og bera almennt frekar fullt traust til stjórnenda stofnana en karlar (sjá mynd 13).



Mynd 12 og 13: Samanburður á svörum karla og kvenna á völdum spurningum – allir SFR félagar



HÁSTÖKKVARAR


Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra er sú stofnun sem bætir sig mest á milli ára og er hástökkvarinn í ár. Stofnunin hækkar sig um 65 sæti á heildarlista stofnana.

Topp 5 hástökkvarar	Raðeinkunn 2018	Stofnun	Raðeinkunn 2017	Hækkun milli ára
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	82	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	17	65
Mannvirkjastofnun	65	Mannvirkjastofnun	7	58
Úrskurðarnefnd velferðarmála	83	Úrskurðarnefnd velferðarmála	30	53
SÁÁ **	49	SÁÁ **	12	37
Íbúðalánasjóður	51	Íbúðalánasjóður	16	35

Samanburður á milli stéttarféлагаþessi texti á eftir að koma.

SAMANBURÐUR Á MILLI STÉTTARFÉLAGA

Heildarniðurstaða félaganna tveggja, SFR og St.Rv. er mjög áþekkt og aðeins munar 0,05 stigum (á kvarðanum 1-5) á félögunum tveimur. En þó munur á heildareinkunn sé lítill, er engu að síður mikill munur á félögunum þegar kemur að tveimur þáttum; launakjörum og vinnuskilyrðum. Mat SFR félaga á launakjörum er mun jákvæðara en St.Rv. félaga og mat SFR félaga er einnig mun jákvæðara á vinnuskilyrðum en St.Rv. félaga. Á móti kemur að St.Rv. félagar gefa ímynd stofnunar, jafnrétti og stjórnun mun hærri einkunn en SFR félagar.



Samanburður þátta milli SFR og St.Rv.

	SFR 2018	St.Rv. 2018	VR 2017*
Heildarmeðaltal	3,98	4,03	4,21
Stjórnun	4,01	4,11	4,23
Starfsandi	4,20	4,26	4,40
Launakjör	3,03	2,65	3,43
Vinnuskilyrði	3,88	3,69	4,11
Sveigjanleiki vinnu	4,24	4,26	4,47
Sjálfstæði í starfi	4,25	4,30	4,37
Ímynd stofnunar	3,79	3,92	4,34
Ánægja og stolt	4,16	4,24	4,35
Jafnrétti	4,18	4,30	4,20

Niðurstöður VR verða ekki birtar fyrr en síðar í maí og því eru í þessum samanburði sýndar niðurstöður úr fyrirtæki ársins í fyrra (2017). Samanburðinn við VR leiðir í ljós að VR félagar hafa mun jákvæðari afstöðu til launa en félagsmenn SFR og St.Rv. Þá hafa félagsmenn VR einnig mun jákvæðari afstöðu gagnvart ímynd vinnustaðar en félagsmenn SFR og St.Rv.

*Einkunnir fyrir VR eru síðan á síðasta ári, þar sem niðurstöður VR verða birtar opinberlega síðar.

**Stofnanir með
50 starfsmenn eða fleiri**

	Heildar- einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall	Röð 2017
Meðaltal	3,870	3,89	4,14	2,85	3,73	4,11	4,17	3,68	4,07	4,13		
1. Ríkisskattstjóri	4,509	4,58	4,70	3,38	4,60	4,75	4,55	4,42	4,71	4,71	80-100%	2.
2. Reykjalundur *	4,489	4,49	4,60	3,59	4,32	4,56	4,60	4,91	4,78	4,53	60-69%	1.
3. ÁTVR	4,323	4,46	4,52	3,52	4,13	4,31	4,40	4,31	4,49	4,62	50-59%	4.
4. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4,283	4,28	4,58	3,36	4,10	4,07	4,63	4,25	4,64	4,54	50-59%	3.
5. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	4,277	4,34	4,37	3,49	4,06	4,50	4,49	4,05	4,55	4,57	60-69%	66.
6. Fjölbrautaskólinn við Ármúla	4,265	4,29	4,55	3,40	4,28	3,94	4,53	4,15	4,64	4,43	60-69%	8.
7. Fiskistofa	4,254	4,41	4,35	3,46	4,32	4,36	4,45	3,63	4,43	4,63	70-79%	14.
8. Skógrækt ríkisins	4,203	4,17	4,42	3,01	4,37	4,51	4,29	4,09	4,38	4,44	70-79%	7.
9. Lyfjastofnun	4,192	4,26	4,44	3,24	4,26	4,43	4,24	3,83	4,29	4,55	80-100%	9.
10. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins *	4,188	4,38	4,50	3,23	4,37	4,58	4,47	3,66	4,38	4,00	80-100%	6.
11. Heilsustofnun NLFÍ *	4,154	4,13	4,31	3,05	3,80	4,31	4,45	4,60	4,51	4,27	60-69%	5.
12. Menntaskólinn á Akureyri	4,115	4,24	4,24	3,24	3,70	4,09	4,38	4,28	4,34	4,45	60-69%	12.
13. Barnavarnarstofa	4,115	4,21	4,30	3,27	4,15	4,30	4,37	3,57	4,34	4,36	35-49%	27.
14. Fjársýsla ríkisins	4,114	4,20	4,24	3,08	4,04	4,51	4,18	4,14	4,36	4,20	70-79%	16.
15. Embætti landlæknis	4,096	4,38	4,31	3,15	3,59	4,44	4,30	4,01	4,37	4,24	70-79%	15.
16. Þjóðminjasafn Íslands	4,085	4,25	4,17	2,90	4,04	4,39	4,19	4,49	4,21	4,05	70-79%	25.
17. Kvennaskólinn í Reykjavík	4,081	4,15	4,39	2,79	3,60	3,44	4,60	4,64	4,60	4,40	35-49%	28.
18. Menntaskólinn í Reykjavík	4,048	4,23	4,38	2,73	3,54	3,51	4,44	4,36	4,40	4,61	35-49%	13.
19. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	4,035	4,13	4,39	3,17	4,21	4,41	3,90	3,45	4,31	4,11	70-79%	43.
20. Þjóðskrá Íslands	4,033	4,09	4,39	3,09	3,71	4,58	4,14	3,75	4,13	4,38	70-79%	45.
21. Sjálfstjórnarmálaráðgjafi *	4,033	4,00	3,87	3,07	4,24	4,17	4,24	4,16	4,07	4,39	35-49%	26.
22. Héraðssaksóknari	4,020	4,13	4,19	3,25	4,10	4,34	4,29	3,63	4,18	4,00	80-100%	21.
23. Nýsköpunarmiðstöð Íslands	3,998	3,83	4,26	3,26	4,04	4,50	4,18	3,95	3,97	4,08	60-69%	20.
24. Menntaskólinn við Hamrahlíð	3,987	3,95	4,30	3,02	3,59	3,82	4,44	4,31	4,38	4,10	50-59%	31.
25. Umhverfisstofnun	3,971	3,97	4,36	2,62	4,05	4,24	4,09	3,74	4,11	4,35	80-100%	22.
26. Fjölbrautaskóli Suðurlands	3,969	3,89	4,14	3,02	3,74	3,92	4,34	3,90	4,26	4,45	50-59%	19.
27. Íslenskar orkurannsóknir	3,965	3,76	4,25	2,99	3,69	4,48	4,15	4,01	4,04	4,38	70-79%	11.
28. Mátis ohf *	3,959	3,98	4,26	2,70	3,94	4,35	3,87	4,10	4,01	4,25	60-69%	24.
29. Íbúðalánasjóður	3,958	4,01	4,15	3,04	3,99	4,32	4,02	3,65	3,94	4,34	70-79%	67.
30. Ríkislögreglustjóri	3,950	4,07	4,25	3,23	3,58	4,15	4,08	3,76	4,16	4,19	50-59%	37.
31. SÁÁ **	3,948	3,99	4,09	2,43	3,97	3,76	4,28	4,31	4,26	4,27	35-49%	72.
32. Fjármála- og efnahagsráðuneytið	3,945	3,88	4,25	3,23	3,74	4,35	4,08	3,67	4,25	4,06	60-69%	18.
33. Veðurstofa Íslands	3,917	3,78	4,17	2,57	3,90	4,22	3,92	4,44	3,94	4,25	60-69%	41.
34. Samgöngustofa	3,903	3,94	4,25	3,02	3,78	4,41	4,20	3,35	4,03	4,11	70-79%	47.
35. Háskólinn á Akureyri	3,889	3,65	3,90	2,94	3,91	4,17	4,13	4,22	4,02	4,14	60-69%	23.
36. Lögreglan á Suðurlandi	3,885	3,92	4,17	2,93	3,67	4,24	3,93	4,08	4,16	3,86	50-59%	32.
37. Landgræðsla ríkisins	3,872	3,66	4,09	3,02	3,81	4,42	3,96	3,79	4,03	4,13	70-79%	(-)
38. Vinnuáætlun	3,870	4,05	4,23	2,73	3,52	4,29	4,18	3,52	4,12	4,09	80-100%	49.
39. Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn	3,870	3,98	4,05	2,55	3,46	4,36	4,19	4,16	4,05	4,08	70-79%	39.
40. Hafrannsóknastofnun	3,866	3,86	4,10	2,83	3,64	4,28	4,17	3,78	4,17	4,00	50-59%	40.
41. Menntaskólinn við Sund	3,860	3,72	3,87	3,31	3,76	3,85	4,42	3,96	4,10	3,88	35-49%	51.
42. Menntamálastofnun	3,858	4,07	4,29	3,39	3,25	4,51	4,34	2,80	4,09	4,01	80-100%	75.
43. Heilbrigðisstofnun Norðurlands	3,844	3,88	4,09	2,87	3,73	3,93	4,05	3,80	4,07	4,07	35-49%	48.
44. Heilbrigðisstofnun Vesturlands	3,840	3,90	4,17	2,70	3,68	3,79	4,15	3,87	4,16	4,02	35-49%	(-)
45. Borgarholtsskóli	3,828	3,78	3,93	3,17	3,56	3,41	4,29	4,04	4,06	4,19	60-69%	57.
46. Mennta- og menningarmálaráðuneytið	3,827	3,67	4,18	2,98	3,96	4,34	4,00	3,17	4,05	4,04	70-79%	30.
47. Tollstjóri	3,825	3,86	4,08	2,80	3,66	4,25	4,18	3,30	3,88	4,32	60-69%	55.
48. Alþingi	3,822	3,90	4,08	3,28	4,01	4,17	4,07	2,44	4,03	4,18	60-69%	58.
49. Orkubú Vestfjarða ohf *	3,816	3,85	3,93	3,08	4,03	4,37	3,99	3,06	4,09	3,85	50-59%	35.
50. Heilbrigðisstofnun Austurlands	3,816	3,86	4,17	2,88	3,62	3,85	4,10	3,65	4,07	4,04	35-49%	(-)
51. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	3,796	3,73	4,23	2,84	3,43	3,35	4,40	3,94	4,11	4,09	50-59%	69.
52. Fjármálaeftirlitið	3,793	3,84	4,13	3,22	3,67	4,33	3,87	2,78	3,92	4,22	70-79%	38.
53. Matvælastofnun	3,786	3,88	4,26	2,60	4,08	4,11	3,96	2,58	3,89	4,33	70-79%	65.

Allir starfsmenn ríkisstofnana fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins.

* Þessar stofnanir eru ekki ríkisstofnanir en eru einnig með alla starfsmenn. ** Einungis SFR félagar svöruðu fyrir þessar stofnanir.

**Stofnanir með
50 starfsmenn eða fleiri**

	Heildar- einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjameiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall	Röð 2017
Meðaltal	3,870	3,89	4,14	2,85	3,73	4,11	4,17	3,68	4,07	4,13		
54. Vegagerðin	3,786	3,63	3,95	3,07	3,91	4,28	4,15	3,23	3,93	3,96	35-49%	54.
55. Lögreglan á Norðurlandi eystra	3,762	4,07	3,69	2,92	3,41	4,05	3,86	3,83	3,91	4,00	60-69%	63.
56. Heilbrigðisstofnun Suðurlands	3,744	3,89	4,22	2,78	3,52	3,67	4,11	3,23	4,03	4,05	35-49%	56.
57. Flensborgarskóli	3,741	3,43	4,07	2,58	3,79	3,63	4,30	3,93	3,85	4,13	50-59%	42.
58. Utanríkisráðuneytið	3,723	3,89	4,10	2,61	3,65	4,20	4,06	3,07	3,91	3,90	60-69%	59.
59. Sjúkrahúsið á Akureyri	3,717	3,85	4,28	2,25	3,27	3,78	4,02	4,01	4,04	3,88	35-49%	(-)
60. Tækniskólinn *	3,707	3,63	4,21	2,89	3,37	3,51	4,23	3,71	3,88	3,95	35-49%	(-)
61. Menntaskólinn í Kópavogi	3,706	3,17	4,05	3,06	3,70	3,67	4,35	3,56	3,84	4,12	70-79%	76.
62. Vinnueftirlit ríkisins	3,689	3,67	3,94	2,50	3,94	4,17	3,96	3,30	3,66	3,97	80-100%	80.
63. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	3,689	3,93	4,20	2,20	3,49	3,93	4,16	3,41	3,89	3,83	35-49%	(-)
64. Hagstofa Íslands	3,688	3,58	4,01	2,48	3,57	4,23	3,92	3,62	3,53	4,21	70-79%	52.
65. Sinfóníuhljómsveit Íslands	3,672	3,72	3,73	1,79	3,37	2,81	4,35	4,49	4,08	4,46	50-59%	60.
66. Fangelsismálastofnun ríkisins	3,636	3,75	4,12	2,78	3,40	3,88	3,94	2,62	3,87	4,14	50-59%	74.
67. Landhelgisgæsla Íslands **	3,609	3,43	3,59	2,55	3,19	3,75	3,81	4,83	3,70	3,82	35-49%	62.
68. Landspítali	3,605	3,93	4,14	2,09	3,19	3,73	4,06	3,29	3,88	3,93	35-49%	82.
69. Isavia ohf *	3,582	3,44	3,85	2,86	3,29	3,81	4,07	3,06	3,73	4,15	35-49%	70.
70. Tryggingastofnun ríkisins	3,582	3,72	4,00	2,34	3,23	4,31	4,06	2,85	3,76	3,91	70-79%	46.
71. Héraðsdómur Reykjavíkur	3,581	3,36	3,79	2,76	3,35	4,16	4,46	2,73	3,90	3,91	50-59%	61.
72. Velferðarráðuneytið	3,581	3,66	3,92	2,70	3,17	4,25	3,85	2,98	3,68	3,99	60-69%	81.
73. Verkmenntaskólinn á Akureyri	3,578	3,19	4,05	2,57	3,06	3,66	4,12	3,79	3,97	3,99	70-79%	50.
74. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	3,576	3,62	3,82	2,65	3,58	3,83	4,09	3,20	3,70	3,69	35-49%	73.
75. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	3,557	3,77	4,00	2,09	3,30	3,87	3,81	3,44	3,74	3,82	50-59%	85.
76. Landbúnaðarháskóli Íslands	3,535	3,38	3,55	2,44	3,91	4,21	3,92	2,84	3,50	3,99	70-79%	78.
77. Fjölbrotaskóli Vesturlands	3,525	3,27	3,78	2,02	3,95	3,87	4,26	3,06	3,67	3,81	60-69%	84.
78. Lögreglan á Suðurnesjum	3,517	3,51	3,83	2,46	3,06	3,86	3,78	3,67	3,76	3,76	35-49%	83.
79. Útlendingastofnun	3,497	3,90	4,22	2,09	3,33	4,20	3,83	1,90	3,83	3,82	60-69%	79.
80. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	3,492	3,48	4,12	2,01	3,50	4,21	4,09	2,55	3,65	3,74	60-69%	86.
81. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	3,469	3,70	3,81	1,90	2,75	3,94	4,01	4,05	3,79	3,40	70-79%	71.
82. Sjúkratryggingar Íslands	3,432	3,60	3,81	2,35	3,35	4,30	3,83	2,69	3,35	3,57	70-79%	64.

Allir starfsmenn ríkisstofnana fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins.

* Þessar stofnanir eru ekki ríkisstofnanir en eru einnig með alla starfsmenn. ** Einungis SFR félagar svöruðu fyrir þessar stofnanir.



Vinningshafar í happdrættinu

Það er mikilvægt að taka þátt í könnuninni um Stofnun ársins og til að hvetja félagar SFR til þátttöku eru dregnir út vinningar fyrir nokkra heppna þátttakendur.

Þeir sem svöruðu könnuninni áttu þannig möguleika á glæsilegum vinningi. Tíu manns fengu 2 bómiða í skyndihappdrætti og auk þess voru dregnir út 7 vinningshafar úr innsendum svörum.

Gjafabréf frá Icelandair að verðmæti 60.000 krónum fengu:

Jóna Sigþórsdóttir, Valgerður Guðmundsdóttir og Böðvar Björnsson

Gjafabréf í orlofshús SFR (utan úthlutunartíma) fengu:

Friðjón Bjarnason og Guðrún Pálsdóttir

Tvo miða á tónlistarhátíðina Airwaves fengu:

Laufey Viðarsdóttir og Linda Reimarsdóttir

SFR stéttarfélag óskar öllum vinningshöfum til hamingu og þakkar þeim kærlega þátttökuna.



**Stofnanir með
20 til 49 starfsmenn**

	Heildar- einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stólt	Jafnrétti	Svarhlutfall	Röð 2017
Meðaltal	4,039	4,05	4,17	3,20	3,99	4,38	4,28	3,90	4,20	4,17		
1. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	4,824	4,92	4,88	4,00	4,95	4,88	4,96	4,68	5,00	4,98	60-69%	2.
2. Menntaskólinn á Tröllaskaga	4,724	4,83	4,86	4,14	4,84	4,64	4,73	4,73	4,88	4,72	80-100%	1.
3. Einkaleyfastofan	4,688	4,78	4,72	4,17	4,69	4,89	4,73	4,77	4,75	4,66	80-100%	3.
4. Samkeppniseftirlitið	4,471	4,54	4,62	3,84	4,38	4,62	4,65	4,13	4,65	4,70	80-100%	4.
5. Landmælingar Íslands	4,433	4,41	4,60	3,39	4,38	4,82	4,59	4,44	4,51	4,73	80-100%	6.
6. Menntaskólinn á Egilsstöðum	4,373	4,48	4,49	3,83	4,34	4,36	4,44	4,34	4,51	4,45	70-79%	11.
7. Menntaskólinn að Laugarvatni	4,346	4,55	4,63	3,45	4,06	4,23	4,45	4,51	4,56	4,51	70-79%	5.
8. Lögreglan á Norðurlandi vestra	4,340	4,71	4,54	3,75	4,44	4,51	4,24	3,91	4,68	4,05	80-100%	(-)
9. Póst- og fjarskiptastofnun	4,319	4,42	4,54	3,81	3,95	4,74	4,58	4,25	4,38	4,29	80-100%	10.
10. Verkenntaskóli Austurlands	4,298	4,38	4,61	3,43	4,00	4,41	4,44	4,30	4,63	4,43	70-79%	9.
11. Byggðastofnun	4,288	4,55	4,34	3,81	3,77	4,67	4,56	4,22	4,55	4,19	80-100%	17.
12. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	4,269	4,31	4,48	3,64	4,06	4,59	4,42	4,16	4,49	4,29	80-100%	20.
13. Skatttransóknarstjóri ríkisins	4,210	4,03	4,36	3,73	4,30	4,72	4,07	4,15	4,08	4,45	80-100%	31.
14. Náttúrufræðistofnun Íslands	4,200	4,05	4,30	3,04	4,55	4,56	4,38	4,34	4,39	4,19	60-69%	12.
15. Skipulagsstofnun	4,184	4,37	4,42	3,30	4,27	4,59	3,99	3,52	4,38	4,51	80-100%	13.
16. Ríkisendurskoðun	4,124	4,04	4,36	3,43	4,17	4,61	4,33	3,93	4,39	3,93	70-79%	24.
17. Sýslumaðurinn á Suðurlandi	4,096	4,43	4,39	2,87	4,07	4,44	4,16	3,89	4,46	3,96	80-100%	7.
18. Fjölbrautaskóli Snæfellinga	4,081	3,97	4,21	3,46	4,30	4,15	4,41	3,88	4,25	4,10	35-49%	15.
19. Mannvirkjastofnun	4,060	3,80	4,04	3,76	4,27	4,65	4,39	3,45	3,99	4,31	80-100%	45.
20. Forsætisráðuneytið	4,056	4,13	4,21	3,52	4,03	4,12	4,14	3,76	4,39	4,10	70-79%	14.
21. Framhaldsskólinn á Laugum	4,042	4,04	3,96	3,35	4,23	4,23	4,30	3,88	4,23	4,13	80-100%	26.
22. Menntaskólinn á Ísafirði	4,031	4,08	4,13	3,13	4,04	4,12	4,27	3,92	4,36	4,13	60-69%	27.
23. Rekstrarfélag stjórnarráðsins	4,029	4,33	4,13	3,06	4,06	4,33	4,30	3,52	4,19	4,15	80-100%	(-)
24. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	4,009	4,20	4,37	2,85	4,02	4,25	3,95	3,66	4,07	4,41	60-69%	(-)
25. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	4,007	4,15	4,29	2,78	4,15	4,30	4,08	3,37	4,23	4,41	80-100%	28.
26. Lögreglan á Vestfjörðum	3,979	4,04	3,87	2,88	3,95	4,14	4,20	4,11	4,24	4,29	70-79%	30.
27. Lögreglan á Austurlandi	3,896	3,86	3,98	3,28	3,72	4,25	4,23	3,93	3,97	3,96	60-69%	34.
28. Þjónustumiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	3,875	3,53	4,15	3,37	2,94	4,34	4,10	4,64	4,00	4,19	70-79%	19.
29. Lánasjóður íslenskra námsmanna	3,856	3,99	4,09	2,86	4,24	4,22	4,08	2,66	3,93	4,31	70-79%	38.
30. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	3,846	3,50	4,09	2,86	4,04	3,83	4,26	4,33	4,13	3,72	60-69%	25.
31. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	3,834	3,83	3,98	3,16	3,68	4,29	4,35	3,52	3,79	3,99	80-100%	8.
32. Biskupsstofa	3,817	3,78	3,80	3,65	3,59	4,24	4,18	3,16	3,95	4,08	70-79%	23.
33. Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	3,807	3,68	4,13	2,81	3,70	4,56	3,93	3,48	4,16	3,88	80-100%	44.
34. Dómsmálaráðuneytið	3,804	4,08	4,14	2,74	3,80	4,27	4,10	2,65	4,11	4,07	70-79%	(-)
35. Listasafn Íslands	3,742	3,78	4,11	2,40	3,59	3,96	4,13	3,78	3,91	3,96	50-59%	41.
36. Þjóðskjalasafn Íslands	3,737	3,83	4,00	2,45	3,68	4,31	4,25	3,91	3,93	3,41	80-100%	37.
37. Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	3,707	3,46	3,76	2,88	3,54	4,01	4,36	3,53	3,92	4,05	60-69%	43.
38. Samsk.míðst. heyrnarlausra og heyrnarkertra	3,703	3,92	3,33	2,18	3,60	4,36	4,16	4,00	3,85	3,95	50-59%	33.
39. Háskólinn á Hólum	3,694	3,46	3,67	2,81	3,45	4,15	3,98	3,67	3,92	4,22	70-79%	(-)
40. Orkustofnun	3,674	3,42	3,69	2,82	3,89	4,39	4,09	3,48	3,81	3,66	60-69%	35.
41. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	3,668	3,73	3,56	2,64	2,62	4,14	4,42	4,18	3,97	4,04	70-79%	42.
42. Rannsóknamiðstöð Íslands	3,659	3,38	4,10	2,27	3,78	4,04	3,99	4,11	3,53	3,80	80-100%	40.
43. Ríkiskaup	3,652	3,50	3,92	2,36	3,93	4,51	4,10	3,70	3,39	3,60	80-100%	32.
44. Sýslumaðurinn á Vesturlandi **	3,274	2,96	2,78	2,82	3,48	4,23	3,92	3,18	3,10	3,38	80-100%	(-)

Allir starfsmenn ríkisstofnana fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins.

* Þessar stofnanir eru ekki ríkisstofnanir en eru einnig með alla starfsmenn. ** Einungis SFR félagar svöruðu fyrir þessar stofnanir.

Stofnanir með færri en 20 starfsmenn

	Heildar-einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall	Röð 2017
Meðaltal	4,302	4,43	4,51	3,42	4,25	4,53	4,52	4,05	4,48	4,42		
1. Persónuvernd	4,723	4,94	5,00	4,19	4,38	4,87	4,67	4,56	4,92	4,86	70-79%	1.
2. Hljóðbókasafn Íslands	4,556	4,67	4,56	3,84	4,57	4,47	4,75	4,61	4,67	4,75	80-100%	2.
3. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála	4,546	4,91	5,00	3,52	4,31	4,74	4,80	3,82	4,55	4,97	80-100%	5.
4. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	4,540	4,67	4,72	3,75	4,31	4,96	4,70	4,67	4,85	4,30	70-79%	10.
5. Geislavarnir ríkisins	4,463	4,59	4,53	3,42	4,59	4,72	4,46	4,40	4,48	4,78	80-100%	3.
6. Héraðsdómur Suðurlands	4,446	4,68	4,67	3,93	4,60	4,76	4,55	3,58	4,80	4,28	80-100%	12.
7. Lögreglan í Vestmannaeyjum	4,411	4,55	4,52	3,55	4,57	4,05	4,48	4,27	4,64	4,76	80-100%	9.
8. Ríkissaksóknari	4,377	4,24	4,48	4,37	4,49	4,25	4,59	3,99	4,47	4,49	80-100%	11.
9. Neytendastofa	4,335	4,22	4,39	3,00	4,69	4,36	4,57	4,32	4,46	4,81	70-79%	15.
10. Úrskurðarnefnd velferðarmála	4,281	4,27	4,50	3,42	4,21	4,86	4,66	3,71	4,41	4,49	80-100%	16.
11. Ríkiseignir	4,278	4,14	4,33	3,46	4,29	4,61	4,57	4,39	4,44	4,34	80-100%	6.
12. Umboðsmaður skuldara	4,260	4,49	4,50	4,15	4,38	4,84	4,64	3,13	4,63	3,63	80-100%	(-)
13. Minjastofnun Íslands	4,256	4,39	4,75	2,76	4,26	4,45	4,36	3,95	4,51	4,59	80-100%	7.
14. Framhaldsskólinn á Húsavík	4,215	4,63	4,13	3,23	4,29	4,13	4,45	3,93	4,50	4,35	70-79%	8.
15. Sýslumaðurinn á Austurlandi	4,128	4,29	4,33	2,92	3,86	4,67	4,57	3,97	4,41	4,16	60-69%	14.
16. Framkvæmdasýsla ríkisins	4,101	4,40	4,40	2,78	3,78	4,54	4,46	3,99	4,20	4,26	70-79%	(-)
17. Yfirskattanefnd	4,044	4,18	4,20	2,80	4,11	4,46	4,30	4,05	3,85	4,33	35-49%	(-)
18. Ferðamálastofa	3,968	4,04	4,28	2,87	3,74	4,72	4,13	3,94	4,15	3,91	70-79%	4.
19. Íslenski dansflokkurinn	3,810	3,97	4,38	2,95	3,33	3,60	4,21	3,62	4,25	3,89	50-59%	(-)

Allir starfsmenn ríkisstofnana fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins.

* Þessar stofnanir eru ekki ríkisstofnanir en eru einnig með alla starfsmenn. ** Einungis SFR félagar svöruðu fyrir þessar stofnanir.



Stofnun ársins – sérrit

Ábyrgðarmaður:

Árni Stefán Jónsson

Umsjón:

Jóhanna Þórdórsdóttir

Umbrot og prentun:

Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja



SFR stéttarfélag í almannapjónustu

Grettisgötu 89 - 105 Reykjavík

Sími: 525 8340 - Bréfasími: 525 8349

Netfang: sfr@sfr.is - Veffang: www.sfr.is

Skrifstofan er opin mán.- fös. kl. 9:00-16:00

ISSN númer I670-5874

Forsíða: PIPAR



STOFNUN
ÁRSINS
2018

